

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf  
Hnífsdalsbryggju  
410 Hnífsdalur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. september 2012  
Tilvísun: UST20120200110/edk

### Staðfesting á úrbótum móttækin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 30. janúar 2012 þar sem fjallað er um tvö frávik frá starfsleyfi sem komu fram við eftirlit þann 31. október 2011 hjá fiskeldi Hraðfrystihúss Gunnvarar hf. Annað frávik varðar notkun á gróðurhindrandi málningu á nætur eldiskvía sem innihalda kopar, en losun á kopar í vatn er háð starfsleyfi sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og ekki er gefin heimild fyrir losun kopars í núgildandi starfsleyfi fyrirtækisins. Hitt frávik varðar að efnamælingar hafi ekki verið gerðar samhliða vöktunarmælingum sem gerðar voru árið 2009 sbr. gr. 3.3 í starfsleyfi.


Þann 27. mars sl. staðfesti fyrirtækið í tölvupósti að notkun gróðurhindrandi efna sem innihalda kopar hefði verið hætt, og notkun þessara efna yrði aðeins endurskoðuð samhliða því ef sótt verður um nýtt starfsleyfi seinna meir.

Niðurstöður efnamælinga í sjó bárust Umhverfisstofnun 23. apríl sl. og teljast fullnægjandi af hálfu stofnunarinnar.

Þau frávik sem fjallað er um hér að ofan teljast nú að fullu bætt af hálfu Umhverfisstofnunar og ekki verður farið í frekari eftirfylgni vegna þeirra.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agútsdóttir  
sviðsstjóri

  
Kristján Geirsson  
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða